

Nd.

613. Nefndarálit

[176. mál]

við frv. til laga um Atvinnujöfnunarsjóð.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp það um Atvinnujöfnunarsjóð, sem lagt var fram í Ed. á þskj. 433, tók nokkrum breytingum til bóta við afgreiðslu þess í deildinni.

Fulltrúar Framsóknarflokksins í fjárhagsnefnd Ed. fluttu við frumvarpið 4 breytingartillögur á þskj. 506. Tvær þessara tillagna, nr. 1 og 3, voru samþykktar, en tillögur undir liðunum 2 og 4 voru felldar. Þær tillögur flytjum við undirritaðir á ný við meðferð málsins í Nd.

Eins og fram hefur komið í umræðum í báðum deildum þingsins, er Framsóknarflokkurinn efnislega samþykkur frumvarpinu, enda má segja, að tilkomu þess megi rekja til áralangrar baráttu Framsóknarflokksins fyrir því, að upp verði tekin af hálfu ríkisvaldsins skipulögð starfsemi, sem vinni að byggðajafnvægi í landinu.

Við teljum rétt að minna á, að þingmenn Framsóknarflokksins í neðri deild hafa síðustu fjögur ár flutt þar frumvarp um, að stofnaður yrði jafnvægissjóður með riflegu fjármagni og tekjur hans yrðu ákveðin prósentutala af heildartekjum ríkissjóðs. Þeir hinir sömu, sem nú leggja fram frumvarp til laga um Atvinnujöfnunarsjóð, hafa jafnan á þessum árum lagzt gegn samþykkt þessara frumvarpa Framsóknarflokksins. Ber því að fagna, að þeir eru nú vaknaðir af þeim Þyrnirósarsvefni áhugaleysis í þessu máli, svo sem raun ber vitni.

Það má segja, að ástæða væri til að rifja hér upp höfuðrök fyrir nauðsyn á löggjöf um skipulagðan stuðning við byggðajafnvægi í landinu, en þar sem þeir, sem töfðu framgang þessa máls, hafa nú breytt um stefnu, er slíkt ekki eins nauðsynlegt og verið hefur.

Við undirritaðir flytjum, eins og áður segir, á þskj. 597 tvær breytingartillögur við frumvarpið, eins og það kom frá Ed.

Við leggjum til, að a-liður 3. gr. orðist svo: „2% af árlegum heildartekjum ríkissjóðs, í fyrsta sinn 1967, og miðist framlagið hvert ár við tekjurnar, eins og þær voru áætlaðar skv. fjárlögum næstliðins árs.“ Við teljum eðlilegra, að aðaltekjur Atvinnujöfnunarsjóðs séu greiddar honum beint úr ríkissjóði og miðaðar við ákveðna prósentutölu af heildartekjum ríkissjóðs, heldur en að hafa þann hátt, sem ráðgert er í frumvarpinu.

Síðari breytingartillagan, sem fjallar um ákvæði til bráðabirgða, þarfnast ekki rökstuðnings í nefndaráliti þessu, þar sem hún skýrir sig sjálf.

Alþingi, 27. apríl 1966.

Jón Kjartansson,
frsm.

Einar Ágústsson.